

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs

Fjarfundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 14. des. 2012. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Sigurjón Mýrdal, formaður, Björk Óttarsdóttir, Björg Bjarnadóttir og Svandís Ingimundardóttir. Gunnhildur Helgadóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfundinn í HA á Akureyri en Finnur boðaði forföll um morguninn.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 10:00. Gunnhildur Helgadóttir var fundarritari. Eftir að síðasta fundargerð hafði verið rædd og farið yfir athugasemdir sem komu þá voru eftirfarandi liðir ræddir.

1) Vaxtasprotaráðstefnan - uppgjör

Sigurjón lagði fram reikning frá Samtökum áhugafólks um skólaþróun, sem sýndi kostnað vegna Vaxtasprotaráðstefnunnar, samtals kr. 742.340. Fundarmenn töldu vel sloppið með þessa upphæð. Stjórn fól Sigurjóni að ganga frá afgreiðslu og senda samtökum áhugafólks um skólaþróun bréf þar sem gert var grein fyrir greiðslunni og þakkað fyrir samstarfið.

2) Staða verkefna

Umsýsluaðili sagði frá því að búið er að senda tölvupósta og bréf til verkefnisstjóra þeirra verkefna sem dregist hefur að skila lokaskýrslum í. Einnig voru send afrit til skólastjóra viðkomandi skóla.

3) Áherslusvið

Fundarmenn ræddu hvaða áherslusvið skildi leggja til við ráðherra fyrir næstu úthlutun. Rætt var m.a. um starfendarannsóknir, forystu, jafnrétti og kynfræðslu ásamt raunvísinda- og tæknimenntun og fjölbreytt námsmat. Niðurstaðan var sú leggja til tvö atriði sem áherslusvið.

1. Mat á námi með hliðsjón af nýjum aðalnámskrám
2. Jafnrétti í skólastarfi

Sigurjón sér um að senda þessa tillögu til ráðherra til umsagnar og upplýsir einnig ráðherra um önnur svið sem rædd hafa verið. Tekið verður einnig fram í auglýsingunni að umsóknir um önnur svið séu líka skoðuð. Lagt verður til við ráðherra að auglýsa annað hvort 11. eða 18. jan. 2013 þannig að fylgja megi eftir tímalínunni sem hefur verið lögð fram. Sigurjón og Gunnhildur verða síðan í sambandi vegna auglýsingarinnar.

4) Vefmál

Gunnhildur upplýsir að kominn sé póstur frá Stefnu. Búið að gera þær breytingar sem um var beðið á umsóknavefnum. Gunnhildur hefur ekki komist í að lesa þetta yfir en mun gera það strax eftir helgina og lögðu fundarmenn áherslu á að allt yrði að vera klárt áður en kæmi að úthlutun. Einnig talaði Sigurjón um að athuga hvort ekki væri hægt að setja krækju á umsóknarvefinn sem beinir fólki beint inn á síðu Sprotasjóðs þannig að leiðbeiningar og slíkt verði aðgengilegra fyrir umsækjendur. Umsýsluaðili gengur í málið. Setja þarf upp aðgang fyrir nýjan stjórnarmann.

5) Önnur mál

Björk spyr um hvort einhver vinnurammi sé varðandi yfirferð á umsóknum og er bent á að inn á sprotasjodur.is séu leiðbeiningar varðandi þetta.

Ákveðið að næsti fundur verði ekki fyrr en kemur að úthlutun.

Fleira var ekki rætt á fundinum og honum slitið kl. 11:10